

Skrifstofa Alþingis
Bt. Nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Akureyri 27. febrúar 2015

Á fundi stjórnar Akureyrarstofu 26. febrúar s.l. var tekin fyrir beiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 6. febrúar 2015 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á frumvarpi til laga um náttúrpassa (heildarlög), 455. mál. Á fundinum var undirritaðri falið að senda inn umsögn fyrir hönd nefndarinnar.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um náttúrpassa

Mál: 455 - Þskj.: 699

Mikilvægt er að lagt verði fram frumvarp á Alþingi sem tryggji fjármagn til verndunar og uppbyggingar ferðamannastaða á Íslandi. Ókostir náttúrpassa eru þó margvíslegir og svo miklir að undirrituð telur nauðsynlegt að kannað verði hvort ekki séu aðrar gjaldtökuleiðir færar.

Undirrituð lýsir áhyggjum vegna almennaréttarins sem passahugmyndin brýtur freklega gegn og geldur varhug við því fordæmi sem gefið er fyrir einkaaðila að krefja fólk um gjald fyrir aðgang að náttúru landsins.

Óásættanlegt er að gjald sem innheimtist með þessum hætti renni í ríkissjóð ef ekki er hægt að tryggja að fénu sé öllu og óskiptu varið til verndunar og uppbyggingar ferðamannastaða á Íslandi.

Leita þarf annarra leiða til að afla fjár og tryggja gagnsæi í umsýslu fjármuna og úthlutun þeirra.

Bestu kveðjur,

María H. Tryggvadóttir
Verkefnastjóri ferðamála / Project Manager for Tourism

Akureyrarstofa / VisitAkureyri
Menningarhúsið Hof
Strandgötu 12
IS- 600 Akureyri, Iceland